

SAMPYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins
Rangárþings ytra nr. 1275/2014.

1. gr.

47. gr. samþykktarinnar sem ber heitið „Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að“ verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sveitarfélagsins og sem sveitarfélagið á aðild að:

- A. *Byggðarráð*. Kjósa skal þrjá sveitarstjórnarmenn í byggðarráð sem aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og 26. gr. samþykktar þessarar. Byggðarráð er kosið til eins árs í senn á fyrsta fundi sveitarstjórnar að afloknunum kosningum til sveitarstjórna og svo í júní ár hvert.
- B. Allar aðrar fastanefndir, stjórnir og ráð eru kosin á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar til loka kjörtímabils eða þar til sveitarstjórn ákveður annað. Kosning fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir skal fara fram skv. ákvæðum 35. gr. þessarar samþykktar nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- 1) *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar*. Kjósa skal þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998 og skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi. Kjörstjórn fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórnar og laga um kosningar til Alþingis.
- 2) *Skipulags- og umferðarnefnd* skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 7. gr. laga um mannvirkni nr. 160/2010 og sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nefndin skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmögum til vara.
- 3) *Atvinnu-, menningar- og jafnréttismálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal hafa erindisbréf um verkefni sín.
- 4) *Íþróttu- og tómstundanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal hafa erindisbréf um verkefni sín.
- 5) *Samgöngu- og fjarskiptanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal hafa erindisbréf um verkefni sín.
- 6) *Hálendisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal hafa erindisbréf um verkefni sín.
- 7) *Fjallskilanefnd*. Kosinn skal einn aðalmaður og annar til vara í hvora fjallskilanefnd fyrir Landmannafrétt annars vegar og fyrir Rangárvallafrétt hins vegar, sbr. ákvæði 2. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Nytjaréttarhafar kjósa two af þremur aðal- og varamönnum í hvora nefnd. Um verkefni fjallskilanefnda fer skv. ákvæðum fjallskilasamþykktar Rangárvallasýslu og framangreindra laga.
- C. Aðrar nefndir, samstarfsnefndir, ráð og stjórnir:
 - 1) *Héraðsnefnd Rangæinga*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Héraðsnefnd Rangæinga annast þau verkefni sem henni eru ætluð skv. samningi sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og samþykktum hennar. Héraðsnefndin annast rekstur Tónlistarskóla Rangæinga, útgáfu Goðasteins, héraðsrits Rangárvallasýslu, skipar stjórn Skógasafns, gróðurverndarnefnd Rangárvallasýslu og umferðarnefnd Rangárvallasýslu. Héraðsnefndin semur og setur fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu auk annarra verkefna sem henni eru falin með samkomulagi sveitarfélaganna svo sem umsjón sameiginlegra eigna.
 - 2) *Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahepps*. Allir aðalmenn í sveitarstjórnum Rangárþings ytra og Ásahepps skipa nefndina. Verkefni samráðsnefndar eru um samstarfið að Laugalandi, um sameign og stjórnun Holtamannafréttar og önnur verkefni sem samráðsnefndin telur áriðandi vegna annarra samstarfsverkefna.
 - 3) *Almannavarnanefnd*. Sveitarstjórn skipar einn aðalmann og annan til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008. Almannavarnanefnd starfar fyrir Rangárvallasýslu alla og er sam-

- starfsverkefni sveitarfélaga og lögreglustjóra. Skipunin gildir fyrir sama tímabil og kjörtímabil sveitarstjórnarinnar nema hún ákveði annað.
- 4) *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Samkvæmt samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn two aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Kjörið er til sama tímabils og kjörtímabils sveitarstjórnar nema hún ákveði annað.
 - 5) *Félagsmálanefnd*. Sveitarstjórn kýs two fulltrúa og jafnmarga til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og skv. III. kafla og 87. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Félagsmálanefnd er samstarfsverkefni sveitarfélaga í Rangárvalla- og V-Skaftafells-sýslu. Félagsmálanefnd sinnir auk almennra verkefna á svíði félagsþjónustu, verkefnum barnaverndarnefndar, verkefnum húsnæðisnefndar auk aðildar að samstarfsverkefnum vegna þjónustu við fatlaða.
 - 6) *Stjórн Brunavarna Rangárvallasýslu bs.* Einn aðalmaður og annar til vara. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. starfa samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og samkvæmt samþykktum settum um byggðasamlagið.
 - 7) *Stjórн Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili á Hellu er samstarfsverkefni Rangárþings ytra og Ásahrepps. Stjórн Lundar er skipuð fjórum mönnum og kemur einn frá Ásahreppi. Einnig situr fundi stjórnar, með málfrensi og tillögurétt, fulltrúi sem kosinn er af starfsmönnum úr þeirra röðum.
 - 8) *Samtök sunnlenskra sveitarfélaga*. Fjórir aðalmenn og fjórir til vara eru fulltrúar Rangárþings ytra á ársþingum samtakanna skv. gildandi ákvæðum laga þeirra við setningu þessarar samþykktar. Fulltrúar þessir fara með atkvæðisrétt á fundum og ársþingum samtakanna. Fulltrúafjöldi getur breyst verði breytingar á lögum samtakanna. Allir sveitarstjórmarmenn auk sveitarstjóra sveitarfélagsins eiga rétt til setu á fundum og ársþingum samtakanna með málfrensi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar.
 - 9) *Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs.* Fjórir aðalmenn og fjórir til vara eru fulltrúar Rangárþings ytra á ársfundum byggðasamlagsins. Fulltrúar þessir fara með atkvæðisrétt á fundum byggðasamlagsins. Fulltrúafjöldi getur breyst verði breytingar á samþykktum byggðasamlagsins. Allir sveitarstjórnarmenn auk sveitarstjóra sveitarfélagsins eiga rétt til setu á fundum byggðasamlagsins með málfrensi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar.
 - 10) *Bergrisinn bs.* Fjórir aðalmenn og fjórir til vara eru fulltrúar Rangárþings ytra á ársfundum byggðasamlagsins. Fulltrúar þessir fara með atkvæðisrétt á fundum byggðasamlagsins. Fulltrúafjöldi getur breyst verði breytingar á samþykktum byggðasamlagsins. Allir sveitarstjórnarmenn auk sveitarstjóra sveitarfélagsins eiga rétt til setu á fundum byggðasamlagsins með málfrensi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar.
 - 11) *Stjórн Húsakynna bs.* Tveir aðalmenn og tveir til vara. Stjórн byggðasamlagsins er skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi, og eru þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórnunum. Húsakynni bs. sjá um eignarhald og rekstur á íbúðarhúsnæði í eigu Rangárþings ytra og í sameiginlegri eign Rangárþings ytra og Ásahrepps. Sveitarfélögin geta falið Húsakynnum bs. að sjá um eignarhald og rekstur annars húsnæðis ef það samrýmist samþykktum byggðasamlagsins.
 - 12) *Stjórн Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.* Tveir aðalmenn og tveir til vara. Stjórн byggðasamlagsins er skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi, og eru þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórnunum. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. starfar samkvæmt samningi sveitarfélaganna um rekstur hennar og samþykktir. Vatnsveitan sér um eignarhald og rekstur allra vatnsveitumannvirkja og dreifikerfis í eigu og ábyrgð sveitarfélaganna annarra en þeirra sem eru í einkaeigu.
 - 13) *Stjórн Odda bs.* Þrír aðalmenn og þrír til vara. Oddi er byggðasamlag Rangárþings ytra og Ásahrepps um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna og starfar samkvæmt sérstökum samþykktum. Stjórн byggðasamlagsins er skipuð fjórum aðalmönnum, þ.e. oddvitum beggja sveitarfélaganna og tveimur fulltrúum úr byggðarráði Rangárþings ytra. Stjórн Odda bs. gegnir hlutverki fræðslunefndar, sbr. 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Stjórн byggðasamlagsins getur einnig ákveðið að stofnuð skuli sérstök nefnd til að fara með hlutverk fræðslunefndar á vegum byggðasamlagsins, sbr. 45. gr. laga um grunnskóla

nr. 91/2008. Þegar stjórnin fjallar um málefni sem falla undir verksvið fræðslunefndar lögum samkvæmt skulu áheyrnarfulltrúar eiga rétt til setu á fundum stjórnarinnar skv. 4. mgr. 6. gr. laga um grunnskóla og 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla. Fræðslunefnd sér jafnframt um stjórn bókasafnsmála fyrir sveitarfélagið, sbr. 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012.

- 14) *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, sbr. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
- 15) *Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.* Einn aðalmaður og annar til vara. Sorpstöð Rangárvallasýslubs. annast meðhöndlun alls úrgangs sem til fellur á starfssvæði sínu sem nær frá Þjórsá að Markarfljóti í umboði sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu samkvæmt samningi þeirra í millum og samþykktum byggðasamlagsins.
- 16) *Stjórn Félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.* Einn aðalmaður og annar til vara. Félags- og skólapjónustan sinnir framkvæmd allra verkefna félagsmálanefndar og sérfræðibjónustu við skóla auk þeirra verkefna sem henni verða falin af stjórn samkvæmt samkomulagi við aðildarsveitarfélögin.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabilis sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 15. febrúar 2016.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 2. mars 2016